

REGLUGERÐ

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

1. gr.

Fjöldi skipverja í áhöfnum íslenskra kaupskipa skal ákveðinn af mönnunarnefnd, sem samgönguráðherra skipar samkvæmt 10. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995.

2. gr.

Í mönnunarnefnd skulu eiga sæti sjö aðalmenn og jafnmargir varamenn þeirra. Skal einn aðalfulltrúi og einn varafultrúi skipaður eftir tilnefningu eftirtalinna hagsmunasamtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Sjömannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Ráðherra skipar, að höfðu samráði við framangreind hagsmunasamtök, formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

3. gr.

Þegar fjöldi skipverja er ákveðinn í áhöfn skips skal hliðsjón höfð af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa og atvinnuskírteini einstakra skipverja fullnægi lámarkskröfum og skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum, sem tryggja öryggi áhafnar, skips og farþega er það flytur, svo sem boðið er í alþjóðasamþykktinni (STCW) frá 1978, um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

4. gr.

Með hliðsjón af 3. gr. og 13. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa er mönnunarnefnd heimilt að herða á eða draga úr skilyrðum og kröfum um fjölda í áhöfn, svo og að kveða á um sérstakar menntunar- eða þjálfunarkröfur varðandi skip, þar sem sérstakar aðstæður gera þess þörf eða leyfa, fyrir einstök skip, og skip sem annast staðbundin verkefni á takmörkuðu farsviði.

5. gr.

Erindi sem nefndinni berast til ákvörðunar samkvæmt 3. og 4. gr. skulu tekin til afgreiðslu án ástæðulauss dráttar. Boðar formaður þá til fundar um erindið og stýrir fundi.

Til þess að fundur sé ályktunarbær skulu a.m.k. fjórir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslu erindis.

Við afgreiðslu erinda, sem nefndinni berast, skal leitast við að ná samkomulagi hagsmunaaðila um afgreiðslu þeirra. Ef allir fulltrúar hagsmunaaðila eru sammála um afgreiðslu erindisins, skal um það bókað í gerðabók sem ákvörðun nefndarinnar og skal hún tafarlaust tilkynnt Siglingamálastofnun, sem gefur út mönnunarskírteini í samræmi við þá ákvörðun.

6. gr.

Nú verður erindi ekki afgreitt með samkomulagi, svo sem ráð er fyrir gert í 5. gr. og getur þá fulltrúi eða fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra starfsstétta skipverja, sem erindi varðar og ekki vill fallast á erindið, krafist þess, að afgreiðslu erindis sé frestað til næsta fundar. Þennan rétt eiga hagsmunasamtök útgerðar eða vinnuveitenda á sama hátt. Við afgreiðslu ræður afl atkvæða úrslitum, en ef atkvæði eru jöfn skal atkvæði formanns ráða.

7. gr.

Þegar afgreiðslu máls er frestað samkvæmt 6. gr. skal jafnframt boða til nýs fundar, þar sem aðilum gefst kostur þess að færa fram gögn til rökstuðnings kröfum sínum þar á meðal skriflegar greinargerðir ef þeir kjósa og jafnframt að flytja mál sitt munnlega fyrir nefndinni áður en málið er tekið til afgreiðslu.

Atkvæðagreiðsla um framkomnar tillögur skal fara fram svo fljótt sem verða má.

Atkvæði meiri hluta nefndarmanna er bindandi úrlausn erindisins á sviði stjórnsýslunnar. Ákvörðun nefndar skal tafarlaust tilkynnt Siglingamálastofnun.

Það frestar ekki gildistöku ákvörðunar, þótt ágreiningi um hana sé vísað til almennra dómsstóla.

8. gr.

Mönnunarnefnd heldur fundi eftir þörfum. Formaður boðar fundi og stýrir þeim.

Nefndin heldur gerðabók um fundi sína og störf. Í gerðabók skal skrá stund og stað funda og hverjir nefndarmanna eða varamanna eru mættir og taka þátt í afgreiðslum. Erindi, sem nefndinni berast skulu skráð í númeraröð og hafa í heiti sínu nafn sendanda erindis og heiti skips, sem erindið varðar. Gögn, sem erindi fylgja skulu skráð í númeraröð með erindinu og dagsetningu þegar þau eru móttækin og lögð fram. Þá skal í gerðabók greina frá því, ef aðrir en nefndarmenn sækja fundi, ástæður þess eða tilgang og árangur með gagnyrtri bókun.

Allar ákvarðanir sem varða fjölda manna í áhöfn skipa, hvort heldur þær eru byggðar á samkomulagi eða teknar með atkvæðagreiðslu skulu færðar í gerðabók og undirritaðar af þeim nefndarmönnum, sem þátt tóku í ákvörðun eða úrskurði.

9. gr.

Nefndarmönnum, varamönnum þeirra, embættismönnum og öðrum þeim, sem tekið hafa þátt í störfum nefndarinnar, skal óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir hafa komist að í störfum sínum fyrir nefndina eða á fundum hennar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun nefndarmanna samkvæmt reglugerð þessari eftir mati þóknananeftdar.

11. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skal vera mönnunarnefnd til ráðuneytis við afgreiðslu erinda sem nefndinni berast samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar í samræmi við ákvæði laga um stofnunina.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út mönnunarskírteini fyrir hvert íslenskt kaupskip í samræmi við ákvarðanir mönnunarneftdar.

Mönnunarskírteinin skulu vera gerð í samræmi við kröfur Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) og ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978 (STCW), um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, og þær breytingar sem á þeirri samþykkt kunna að verða gerðar. Siglingamálastofnunin hefur samráð við samgönguráðuneytið um gerð skírteinanna.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 416 frá 9. júní 1995.

Samgönguráðuneytinu, 14. maí 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.